

**6. fundur Skipulagsnefnd haldinn Strandgötu 38, þriðjudaginn 17. janúar
2023
og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Lilja Magnúsdóttir (LM), Kristinn Hilmar Marinósson (KHM), Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN), Bára Mjöll Ragnheiðardóttir (BMR), Hjalti Þór Heiðarsson (HPH) og Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG).

Fundargerð ritaði: Lilja Magnúsdóttir, Formaður

Varafulltrúarnir Bára Mjöll Ragnheiðardóttir og Hjalti Þór Heiðarsson sátu fundinn og tóku þátt í málum eins og fram kemur í fundargerð.

Dagskrá:

1. Deiliskipulagsbreyting Tungusilungur - 2210475

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Tungusilung, dagsett 18.10.2022, tekin fyrir eftir auglýsingu.

Kristinn H. Marinósson vék sæti undir þessum lið og Bára Mjöll Ragnheiðardóttir tók sæti á fundinum í hans stað. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 2. janúar 2023. Engin athugasemd barst á auglýsingatíma og umsögn barst frá Vegagerðinni sem leiddi ekki til breytinga á auglýstri tillögu.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt

2. Breyting á deiliskipulagi Tálknafjarðarhafnar. - 2009255

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Tálknafjarðarhafna, dagsett 05.07.2022, tekin fyrir eftir auglýsingu.

Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 2. janúar 2023. Engin athugasemd barst á auglýsingatíma og umsagnir bárust frá Vegagerðinni, Náttúrufræðistofnun Íslands og Minjastofnun sem leiddu ekki til breytinga á auglýstri tillögu.

Skipulagsnefnd telur ástæðu til að gæta að hæð húsa á lóð nr. 29 þannig að tryggt sé að útsýni til sjávar frá íbúðarhúsum spillist ekki meira en þarf. Taka þarf tillit til þess þegar byggingarleyfi á lóðinni er samþykkt og að vegg hæð verði ekki meiri en sem nemur 8,5 m. Einnig þarf að gæta að því að spilla ekki umfram það sem nauðsynlegt, fjöruborði við lóð nr. 47 vegna farfugla sem eiga sér þar viðkomustað vor og haust auk nálægðar við fuglafriðland á Sveinseyrarodda.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt

3. Breyting á aðal- og deiliskipulagi á Gileyri - 2210466

Skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi 2006-2018 vegna iðnaðarsvæðis I2-Gileyri, dagsett í desember 2022.

Ingibjörg Jóna Nóadóttir vék af fundi undir þessum lið og Bára Mjöll Ragnheiðardóttir tók sæti á fundinum í hennar stað. Um er að ræða breytingu á skilmálum fyrir iðnaðarsvæði I2 við Gileyri í Tálknafirði þar sem breyting verður gerð á skilmálum fyrir svæðið. Engar breytingar verða gerðar á uppdrætti.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að skipulagslýsingin verði samþykkt og skipulagsfulltrúa falið að óska umsagnar og auglýsa lýsinguna skv. 40 gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Samþykkt með tveimur atkvæðum LM og BMR, KHM situr hjá.

4. Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031 - 1809041

Yfirferð á tillögu að greinargerð Aðalskipulags Tálknafjarðarhrepps 2019-2035. Varafulltrúar í skipulagsnefnd taka þátt í fundinum í þessu máli.

Undir þessum lið sátu fundinn varafulltrúarnir Bára Mjöll Ragnheiðardóttir og Hjalti Þór Heiðarsson. Farið var yfir drög að greinargerð og gerðar leiðréttingar á efni og upplýsingum. Aðalskipulag verði unnið áfram í takt við umræður á fundinum.

Frestað

5. Fyrirspurn um áform um endurskoðun aðalskipulags og gerð eða endurskoðun svæðisskipulags - 2211596

Erindi frá Skipulagsstofnun dags. 10.10.2022 varðandi áform um endurskoðun aðalskipulags og gerð eða endurskoðun svæðisskipulags.

Lagt fram til kynningar

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45.

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Kristinn Hilmar Marínósson (KHM)

Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN)

Bára Mjöll Ragnheiðardóttir (BMR)

Hjalti Þór Heiðarsson (HÞH)

Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG)